

Fundargerð 16. stjórnarfundar
starfstímabilið 2010-2012

Fundurinn var haldinn þriðjudaginn 10. maí 2011 í Íþróttamiðstöðinni Laugardal og hófst kl. 17:00.

Mættir voru eftirtaldir stjórnar- og varastjórnarmenn: Stefán Halldórsson, Sigurður Ingvarsson, Benóný Jónsson (í símasambandi), Felix Sigurðsson, Forföll: Hannes Strange, Aðalbjörg Hafsteinsdóttir. Einnig sátu fundinn Unnur Sigurðardóttir verkefnastjóri, Jónas Egilsson framkvæmdastjóri sem ritaði fundargerð.

Sigurður Ingvarsson setti fund í forföllum formanns sem kom kl. 18 á fundinn.

1. Fundargerð 15. fundar stjórnar samþykkt.
2. Umræðufundur um samstarf innan hreyfingarinnar. Rætt um þörf á auknu upplýsingastreymi milli FRÍ og sambandsaðila um fjármál og rekstur, t.d. með sérstökum fundi á haustin um fjármál. Hugmynd kom fram um að halda árlega aðalfundi fyrir rekstur FRÍ en láta Frjálsíþróttaping fjalla um íþróttamálefni.
3. Fjár- og rekstrarmál.
 - 3.1. Samstarf vegna útsendingar á Demantamótunum 2011-2015. Framkvæmdastjóri gerði grein fyrir fundi með RUV og öðrum samstarfsaðilum vegna útsendinga í sumar. Stefnt er að fjölgun móta úr sex í 10 í sumar. Jafnframt að sent verði út frá innlendum mótum með svipuðum hætti og verið hefur. Fyrir liggja drög að fjögurra ára samningi við IMG vegna sýningaréttar á Demantamótunum héraendis, gegn lækkuðu verði og fleiri mótum en áður.
 - 3.2. Aðrir samstarfssamningar. Drög að samningi samstarfssamningi við SFG og Valitor liggja á borðinu. Framkvæmdastjóra falið að ljúka málinu.
 - 3.3. Tillögur um fjár- og rekstrarmál FRÍ frá vinnuhópi á vegum sambandsaðila. Stjórnin er einhuga um að grípa til þeirra sparnaðaraðgerða sem mögulegt er með fækkun þátttakenda í utanlandsferðum niður í það sem nauðsynlegt er, þó þannig að íþróttafólk njóti forgangs. Einnig verði leitað leiða til að ná fram hagræðingu í rekstri skrifstofu, endurskoðun kostnaðarskiptingar FRÍ og sambandsaðila vegna keppnisferða og innheimtu þeirra tekna sem sambandið á útistandandi. Stefáni falið að móta tillögur um nánari útfærslu.
 - 3.4. Endurskoðun fjárhagsáætlun vegna móta 2011 o.fl. Lagt fram.
 - 3.5. Búningamál. Unnur lagði fram kostnaðaráætlun vegna endurnýjunar á búningum fyrir landslið, bæði utanyfirgalla og keppnisbúninga. Einnig fylgdi hugmynd að fjáröflun, byggð á tillögu frá aukapingi FRÍ 26. febr. sl. Samþykkt að fela Unni að hefja fjáröflunaraðgerðir. Einnig samþykkt endurnýjun á utanyfirgöllum og að bæta við það sem á vantar.
4. Undirbúningur vegna móta.
 - 4.1. Norðurlandamót í 10 km á Selfossi 22. maí. Góð þátttaka er frá öðrum Norðurlöndum.
 - 4.2. Smáþjóðaleikar. Unnur gerði grein fyrir undirbúningi og forsendum vals keppnismanna, m.v. samkomulag milli FRÍ og sambandsaðila í fjárhagsnefnd sambandsins. Meginforsendum eru íþróttamenn sem eiga möguleika á verðlaunum á leikunum.
 - 4.3. Evrópubíkar 18. og 19. júní nk. Framkvæmdastjóri gerði grein fyrir undirbúningi, fjölda þátttakenda og öðru.
 - 4.4. Þátttaka í öðrum mótum sumarsins. Ákvörðun frestað.

- 4.5. Skólabríbrautin 2011. Í ljósi lítillar þátttöku var samþykkt að fella niður lokakeppnina. Framkvæmdastjóra falið að koma með tillögur um úrbætur á framkvæmd keppinnar fyrir næsta ár.
5. Reglugerðir um götu- og víðavangshlaup.
- 5.1. Mí 100 km götuhlaupum. Samþykkt að fram fari Meistaramót í 100 km hlaupi 11. júní nk. Mótið verði framkvæmt skv. reglum IAAF um mælingar og annað er lýtur að framkvæmd slíkra hlaupa. Framkvæmd hlaupsins verði í höndum ofurhlauparáðs FRÍ. Jafnframt samþykkir stjórn FRÍ að fela Almenningshlaupanefnd og Ofurhlauparáði í samvinnu við laganefnd og skrifstofu FRÍ, að semja tillögu að reglugerð um götuhlaup á Íslandi. Einnig að haft verði samráð við félag maraþonhlaupara og aðra helstu hagsmunaaðila í götuhlaupum um þessa tillögugerð.
- 5.2. Álitsgerð form. laganefndar um sveitakeppni í Víðavangshlaupi Íslands, lögð fram.
- 5.3. Reglugerð um Víðavangshlaupið. Laganefnd falið að koma með tillögur að breytingu á reglugerð um Víðavangshlaup Íslands vegna sveitakeppni, þannig að efni þeirra samræmist framkvæmd undanfarinna ára.
6. Fundir, ráðstefnur og námskeið.
- 6.1. Þing ÍSí. Fram kom að Gunnlaugur Júlíusson hefði verið kjörinn í varastjórn ÍSí.
- 6.2. Þing frjálsíþróttasambanda Norðurlanda. Framkvæmdastjóri sótti fundinn f.h. FRÍ.
- 6.3. Þing EAA 16. apríl sl. Jónas Egilsson var kjörinn í stjórn EAA til næstu fjögurra ára. Skv. lögum IAAF og EAA og FRÍ mun hann eiga sæti í stjórn FRÍ, en án atkvæðisréttar.
- 6.4. Þing IAAF í ágúst nk. Frestað.
- 6.5. IAAF/AIMS götuhlaupamælinganámskeið, 13-15. maí nk. Hugh Jones frá AIMS kemur til landsins og heldur námskeið fyrir fjóra einstaklingar sem fá réttindi til að mæla götuhlaup
- 6.6. Samráð við ÍSí vegna siðareglna o.fl. vegna nýlegra fréttu frá Svíþjóð. Formanni og framkvæmdastjóra falið að óska eftir viðræðum við ÍSí um samræmd viðbrögð innan íþróttahreyfingarinnar í tilfellum af svipuðum toga sem gætu komið upp hérlendis.
- 6.7. Smáþjóðaleikar 2015, fundur með ÍSí 2. maí sl. Framkvæmdastjóri greindi frá fundi með ÍSí og óskum þeirra til sérsambanda um að þau setji niður hugmyndir um framkvæmd keppinnar og staðsetningu. Fullt samráð verður haft við FÍRR og önnur félög á höfuðborgarsvæðinu eftir því sem við á.
7. Önnur mál.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 18:30.

Jónas Egilsson.